

Nd.

242. Tillaga til þingsályktunar

[111. mál]

um rekstur fiskibáta.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma nú þegar sérstaka athugun á því, hversu margir fiskibátar í landinu munu ekki verða gerðir út á vetrarvertíðinni vegna fjárhagsörðugleika viðkomandi fyrirtækja og hversu mikils fjár er þörf, til þess að unnt sé að hefja útgerð þeirra.

Að loknum þessum athugunum beiti ríkisstjórnin sér fyrir útvegum nauðsynlegs lánsfjár og geri aðrar tiltækar ráðstafanir til þess að tryggja, að allir þeir rekstrarhæfir bátar í landinu, sem henta til veiða á vetrarvertíð, verði gerðir út.

Greinargerð.

Við upphaf vetrarvertíðar eru tvær staðreyndir efstar í hugum manna. Annars vegar, að geigvænlegt atvinnuleysi hefur hafið innreið sína á Íslandi eftir langt hlé, og hins vegar, að skortur á hráefni til vinnslu veldur óhagkvæmum rekstri langflestra fiskvinnslufyrirtækja í landinu og stórfelldum fjárhagsörðugleikum.

Þessar staðreyndir að því viðbættu, að gjaldeyrstekjur þjóðarinnar hafa farið minnkandi að undanföllum, valda því, að enn meiri þörf er á því nú en endranær, að tryggð sé full notkun hvers einasta framleiðslutækis, sem getur veitt atvinnu, bætt rekstrarafkomu fiskvinnslufyrirtækjanna og aukið gjaldeyrstekjurnar.

Nú í lok janúar ættu þau skip, sem nothæf geta talizt til vetrarvertíðar, að vera komin í gagnið eða undirbúningi að útgerð þeirra að vera svo langt komið, að tryggt sé, að þau verði gerð út. Í ýmsum höfnum í landinu liggja þó fiskiskip, sem óvíst er með öllu um, að verði gerð út á vetrarvertíðinni, vegna fjárhagsferðleika viðkomandi útgerðarfyrirtækja.

Vegna þess alvarlega ástands, sem ríkir í atvinnumálum, í rekstri fiskvinnslustöðva og í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, er það algerlega óviðunandi, að ekki sé tryggt, að allir rekstrarhæfir bátar séu gerðir út, og slæm rekstrarafkoma einstakra útgerðarfyrirtækja, sem teljast eigendur bátanna, má ekki verða til þess, að þeir liggi ónotaðir.

Það er ekki einkamál viðskiptabanka eða annarra lánardrottna þessara fyrirtækja, hvað um þessa báta verður, hvort þeir veita atvinnu og afla gjaldeyris eða þeir liggja í höfn alla vertíðina. Hér verður ríkisvaldið að koma til og tryggja, að hagsmuna þjóðarheildarinnar sé gætt. Því er lagt til með þingsályktunartillögu þessari, að ríkisstjórninni verði falið að kanna, í hve ríki mæli er um það að ræða, að einstakir vélbátar verði ekki gerðir út nú á vetrarvertíð, og að beita sér síðan fyrir útvegum nauðsynlegs lánsfjár og gera aðrar tiltækar ráðstafanir til þess að tryggja, að allir rekstrarhæfir vélbátar, sem henta til veiða á vetrarvertíð, verði gerðir út.

Þörf er á að framkvæma slíka athugun tvisvar til fjórum sinnum á ári hverju, en sérstök ástæða er til að vekja athygli á slíkum aðgerðum nú.